



**BOLUNGARVÍK**

## **FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS**

**Fundur nr. 2405**

Ár 2023, þriðjudaginn 5. desember kl. 16.15, kom bæjarráð Bolungarvíkur saman til fundar á skrifstofu bærarstjóra í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

**Fundinn sátu:** Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður, Magnús Ingi Jónsson og Kristján Jón Guðmundsson. Auk þeirra sat fundinn Jón Páll Hreinsson bærarstjóri, sem ritar fundargerð.

### **Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti bæjarráðs.**

Lagt fram til kynningar.

Verkefnalisti kynntur.

**2. Sorporkustöð**

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram bréf Örnú Láru Jónsdóttir, bærarstjóra Ísafjarðarbæjar, þar sem óskað er eftir afstöðu Bolungarvíkurkaupstaðar til áhuga á þátttöku í verkefni sem miðar að því að kanna möguleikann á sorpbrennslu á norðanverðum Vestfjörðum.

Bæjarráð tekur vel í erindið og felur bærarstjóra að vinna málið áfram og leggja ítarlegri gögn, rekstrarforsendur og kostnaðargreiningu fyrir bæjarráð.

**3. Fjárhagsáætlun Náttúrustofu fyrir 2024**

Lagt fram til kynningar.

Fjárhagsáætlun kynnt.

**4. Fundargerð 938. Fundar stjórnar Sambands íslenskra Sveitarfélaga**

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð kynnt.

**5. Frumvarp til skólalþjónustu**

Lagt fram til kynningar.

Bærarstjóri kynnti bréf frá Svölu Hreinsdóttur, sérfræðingi í málefnum barna hjá Sambandi

Íslenskra sveitarfélaga vegna kynningar „Stuðningur við börn og ungmenni í skólastarfi: Frumvarp til laga um skólaþjónustu“.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur síðast liðið ár verið með í undirbúningi frumvarp til laga um skólaþjónustu. Víðtækt samráð hefur átt sér stað og núna er búið að draga saman og þema niður þær upplýsingar sem liggja fyrir úr samráðinu. Kynningin fer fram í fjarfundi 6. desember n.k.

#### **6. Byggðarkvóti 2023/2024**

Lagt fram til afgreiðslu.

Lagt fram niðurstaða Matvælaráðuneytis um úthlutun byggðakvóta til Bolungarvíkur fyrir fiskveiðiárið 2023/24. Bolungarvík er úthlutað 65 þorskígildistonn.

Bæjarráð óskar ekki eftir því við ráðuneytið að setja sérreglur.

#### **7. Fjárhagsáætlun Byggðasafns Vestfjarða vegna 2024**

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarstjóri kynnti fjárhagsáætlun Byggðasafns Vestfjarða vegna 2024. Bæjarráð vísar framlagi Bolungarvíkurkaupstaðar til fjárhagsáætlunar.

#### **8. Verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs**

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarstjóri kynnti tölvupóst Hugrúnar Geirsdóttur, verkefnastjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað eftir áhugasömum sveitarfélögum til þátttöku í verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs.

Bæjarráð þakkar áhuga sambandsins á viðfangsefninu en hafnar þátttöku í verkefninu að svo stöddu, en felur bæjarstjóra að fylgjast með afrakstrinum þegar hann verður birtur.

#### **9. Gjaldskrár 2024**

Lagt fram til afgreiðslu

Bæjarráðs vísar Gjaldskrár fyrir 2024 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

#### **10. Fjárhagsáætlun 2024**

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarráðs vísar Fjárhagsáætlunar fyrir 2024 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30

**Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir**  
**Kristján Jón Guðmundsson**

**Magnús Ingi Jónsson**  
**Jón Páll Hreinsson**